

37. fundur

Hafnarnefnd hélt fund mánudaginn 10. nóvember 2003 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon M. Sturluson, formaður, Kristinn Ó. Jónsson, Guðbrandur Björgvinsson, Konráð Ragnarsson, hafnarvörður og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundurinn hófst kl. 17:00 með því að fundarmenn fóru í skoðunarferð um hafnarsvæðið í Stykkishólmi. Einkum var farið yfir og skoðað hvort og hvernig bæta megi öryggismál á hafnarsvæðinu.

Nefndarmenn áttu gagnlega skoðunarferð og ákveðið að ræða við aðila um mál sem betur má fara.

Formaður skýrði frá naðsyn að ganga frá öryggishandbók og kynnti drög að henni.

Formaður sagði frá hafnafundi sem hann sat 31. október sl. Rætt var um hafnarvernd og samþykkt að senda fulltrúa á námskeið.

Síðan var rætt um undirbúning fjárhagsáætlunar og fleira.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, fundi slitið kl. 18:50.